



Bæjarstjórn Garðabæjar 16. (838)/2018

Boðað er til 16. (838). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 15. nóvember 2018 kl. 17:00 í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Dagskrá:

1. 1811003F - Fundargerð bæjarráðs frá 6/11 '18
 - 1806135 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Dýjagötu 15.
 - 1802322 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi byggingarleyfi fyrir reiðskemmu Sóta.
 - 1809275 - Afgreiðsla fjölskylduráðs varðandi framkvæmdaáætlun Garðabæjar á sviði barnaverndar kjörtímabilið 2018-2022.
2. 1811018F - Fundargerð bæjarráðs frá 13/11 '18.
 - 1810369 - Afgreiðsla skipulagsstjóra varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts vegna lóða við Urðargötu 1, 3 og 5, dsk breyting
 - 1706330 - Afgreiðsla skipulagsstjóra varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Hliðs.
 - 1810131 - Afgreiðsla skipulagsstjóra varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Kaupþúns vegna dælustöðvar í Kaupþúni.
 - 1811072 - Bréf Sorpu bs. um stofnframlag sveitarfélaganna vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar, dags. 02.11.18.
3. 1810041F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 30/10 '18.
4. 1811006F - Fundargerð leikskólanefndar frá 8/11 '18.
5. 1811012F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 9/11 '18.
6. 1808020F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 23/8 '18.
7. 1810050F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 1/11 '18.
8. 1811010F - Fundargerð ungmennaráðs frá 16/10 '18.
9. 1811108 - Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 24/10 '18.
10. 1801146 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 25/10 og 2/11 '18.



11. 1804300 - Afgreiðsla skipulagsnefndar um framkvæmdaleyfi fyrir sjóvarnir á Álftanesi.
12. 1612146 - Afgreiðsla skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Arnarnes.
13. 1810363 - Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.
14. 1806461 - Tillaga um álagningarhlutfall útsvars árið 2019.
15. 1811128 - Tillögur Garðabæjarlistans við afgreiðslu fjárhagsáætlunar Garðabæjar 2019 - 2022.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
15. (837). fundur 2018

Fimmtudaginn 1. nóvember 2018 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Gunnar Valur Gíslason, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 18. október 2018 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1810040F - Fundargerð bæjarráðs frá 23/10 '18.

Ingvar Arnarson, ræddi 5. tl., bréf Umhverfisstofnunar varðandi framkvæmdir innan fólkvangsins Hliðs og spurði um stöðu mála.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 5. tl., bréf Umhverfisstofnunar varðandi framkvæmdir innan fólkvangsins Hliðs og svaraði fyrirspurn.

Ingvar Arnarsson, ræddi að nýju 5. tl., bréf Umhverfisstofnunar varðandi framkvæmdir innan fólkvangsins Hliðs.

Gunnar Einarsson, ræddi 5. tl., bréf Umhverfisstofnunar varðandi framkvæmdir innan fólkvangsins Hliðs.

Fundargerðin sem er 14 tl. er samþykkt samhljóða.

2. 1810048F - Fundargerð bæjarráðs frá 30/10 '18.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 11. tl., umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi fyrir gististað að Bólstað og 1. tl., Garðatorg – miðbær, viðræður við forsvarsmenn Regins.

Gunnar Einarson, ræddi 1. tl., Garðatorg – miðbær, viðræður við forsvarsmenn Regins.

Almar Guðmundsson, ræddi 6. tl., bréf UMF Stjörnunnar um leyfi til að nota nafn á körfuboltasalinn í Ásgarði.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir viðauka 8 við fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2018, samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Flataskóli	23.300.000
Garðaskóli	31.000.000
Hofsstaðaskóli	34.600.000
Sjáländsskóli	31.000.000

Álftanesskóli	26.500.000
Bæjarból	2.000.000
Hæðaból	2.000.000
Kirkjuból	3.000.000
Lundaból	5.000.000
Sunnuhvoll	5.500.000
Flataskóla - leikskóladeild	300.000
Akrar	6.200.000
Krakkakot	6.100.000
Holtakot	5.000.000
Sumarvinna ungmenna	34.000.000
Bókasafn stöðugildi	2.000.000
Samtals	217.500.000
Varasjóður - lækkun	217.500.000

Bæjarstjórn samþykkir samning við Urriðaholt ehf. um uppbyggingu samkvæmt deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts.

Bæjarstjórn samþykkir afturköllun á framkvæmdaleyfi fyrir uppsetningu ljósamastra við íþróttavöll í Bæjargarði sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 19. október 2017. Á fundi bæjarstjórnar 18. október sl. var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs þar sem gerð er nákvæmari grein fyrir uppsetningu mastranna og verður á grundvelli hennar sótt um byggingarleyfi fyrir uppsetningu þeirra.

Fundargerðin sem er 15 tl. er samþykkt samhljóða.

3. 1810029F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 16/10 '18.

Björg Fengler, ræddi 1. tl., heilsuefningu 65 í Garðabæ og 2. tl., kynningu á rafíþróttaklúbbi í Garðalundi.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., heilsuefningu 65 í Garðabæ og 2. tl. kynningu á rafíþróttaklúbbi í Garðalundi.

Almar Guðmundson, ræddi 1. tl., heilsuefningu 65 í Garðabæ og 2. tl. kynningu á rafíþróttaklúbbi í Garðalundi.

Fundargerðin lögð fram.

4. 1810033F - Fundargerð leikskólanefndar frá 18/10 '18.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 7. tl., tillögu um hinsegin fræðslu og heilsuefningu samfélag.

Björg Fengler, ræddi 7. tl., tillögu um hinsegin fræðslu og heilsuefningu samfélag.

Fundargerðin lögð fram.

6. 1810037F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 19/10 '18.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 4. tl., tónlistarveislu í skammdeginu og 5. tl., verkefni menningar- og safnanefndar og sagði frá tónleikum Maríu Magnúsdóttur bæjarlistmanns í Safnaðaheimilinu í kvöld. Þá ræddi Gunnar Valur, 7. tl., aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands og 8. tl., tillögu um stofnun sköpunarmiðstöðvar.

Fundargerðin lögð fram.

5. 1801390 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 29/10 '18.

Ingvar Arnarson, ræddi tl. 6.1.3 starfsleyfi fyrir niðurifi húsa við Lækjarfit.

Gunnar Einarsson, ræddi sama mál.

Ingvar Arnarson, ræddi málið að nýju.

Gunnar Einarsson, ræddi málið að nýju.

Fundargerðin lögð fram.

7. 1805157 - Fundargerð stjórnar SHS frá 19/10 '18.

Fundargerðin lögð fram.

8. 1801175 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 21/9 og 8/10 '18.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., fg. frá 8/10 '18, búsetuúrræði fyrir ungmenni.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., fg. frá 8/10 '18, búsetuúrræði fyrir ungmenni. Þá ræddi Gunnar 1. tl., fg. frá 21/9 '18, viljayfirlýsingu og samkomulag milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., fg. frá 21/9 '18, viljayfirlýsingu og samkomulag milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Ingvar Arnarson, ræddi 4. tl., fg. frá 8/10 '18 tilnefningu fulltrúa SSH í stýrihóp um málefni utangarðsfólks

Fundargerðin lögð fram.

9. 1801146 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 12/10 '18.

Björg Fengler ræddi 6. tl., önnur mál, ráðningar á vegum starfsmannaþjónustu.

Ingvar Arnarson, ræddi 6. tl., önnur mál, tillögu um aukna tíðni ferða á stofnleiðum.

Fundargerðin lögð fram.

10. 1801362 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 17/10 og 24/10 '18.

Jóna Sæmundsdóttir ræddi fg. frá 17/10 '18, 4. tl., endurvinnslu plasts og 5. tl., starfsleyfi fyrir urðunarstað í Álfsnesi

Fundargerðirnar lagðar fram.

11. 1704086 - Fundargerð 15. eigendafundar Sorpu bs. frá 22/10 '18.

Fundargerðin lögð fram.

12. 1802055 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins frá 12/10 '18.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 1. tl., breytingar á vaxtarmörkum á Álfsnesi.

Fundargerðin lögð fram.

13. 1802195 - Fundargerðir samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 18/9 og 9/10 '18.

Björg Fenger, ræddi 1. tl., gjaldskrá skíðasvæða.

Fundargerðirnar lagðar fram.

14. 1809328 - Tillaga að breytingu á samþykkt um stjórn Garðabæjar - síðari umræða.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Almar Guðmundsson, tók til máls.

Björg Fenger, tók til máls.

Gunnar Einarsson, tók til máls. Gunnar notaði tækifærið og færði Flatskóla hamingjuóskir í tilefni af 60 ára afmæli skólans en hátíðardagskrá fór fram í skólanum í dag á afmælisdegi skólans.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, tók til máls.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls að nýju.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu að breytingu á samþykkt um stjórn Garðabæjar.

15. 1810350 - Gjaldskrá heilbrigðiseftirlits.

Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti gjaldskrá heilbrigðiseftirlits 2019.

16. 1810350 - Gjaldskrá hundahalds.

Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti gjaldskrá hundahalds 2019.

17. 1806461 - Frumvarp að fjárhagsáætlun 2019 (2019-2022) - fyrri umræða.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri fylgdi úr hlaði frumvarpi að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árin 2019 - 2022. Bæjarstjóri lagði fram greinargerð þar sem helstu markmið og niðurstöður eru raktar nánar.

Bæjarstjóri lagði til að vísa frumvarpinu til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Björg Fenger, tók til máls.

Ingvar Arnarson, tók til máls.

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls.

Gunnar Einarsson, tók til máls að nýju.

Harpa Þorsteinsdóttir, tók til máls.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, tók til máls.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls að nýju.

Sigurður Guðmundsson, tók til máls.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, tók til máls.

Gunnar Einarsson, tók til máls að nýju.

Samkvæmt frumvarpinu eru niðurstöður A og B hluta þessar:

	2019	2020	2021	2022
Tekjur:	15.782.121	16.062.121	16.357.121	16.737.121
Gjöld:	14.381.135	14.745.700	15.083.726	15.451.745
Niðurstaða án fjármagnsliða:	1.400.986	1.316.421	1.273.395	1.285.376
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(816.868)	(710.226)	(656.692)	(648.138)
Rekstrarniðurstaða	584.118	606.196	616.703	637.237

Bæjarstjórn samþykkir að vísa frumvarpi að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árin 2019 – 2022 til síðari umræðu í bæjarstjórn og til frekari vinnslu í bæjarráði.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bærstjórnar 1. nóvember 2018 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bærjarfulltrúa.

Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Sigurður Guðmundsson, (sign)
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
40. (1855). fundur 2018

Þriðjudaginn 6. nóvember 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Katrín Friðriksdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1805160 - Víkurgata 20 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ívari Erni Haraldssyni, kt. 090785-2739, leyfi til að byggja einbýlishús að Víkurgötu 20.
- 2. 1810243 - Bakkaföt 12 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir að veita Georg Georgiou, kt. 150469-4069 leyfi fyrir viðbyggingu og endurbótum á núverandi einbýlishúsi að Bakkaföt 12.
- 3. 1810244 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, Miðsvæði M2c-M2g, Múlar- Suðurlandsbraut.**
Lögð fram.
- 4. 1806013 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, Sundahöfn.**
Lögð fram.
- 5. 1806135 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Dýjagötu 15.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að óverulegri breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Dýjagötu 15, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga og fram komu athugasemdir. Breytingin skal send Skipulagsstofnun, auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og tilkynning um niðurstöðu málsins send þeim aðila sem gerðu athugasemdir.
- 6. 1802322 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi byggingarleyfi fyrir reiðskemmu Sóta.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að leyfa útgáfu byggingarleyfis samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna reiðskemmu Sóta. Grenndarkynning hefur farið fram samkvæmt 2. mgr. sömu greinar og bærust athugasemdir um hæð hússins og litaval. Tilkynna skal þeim sem gerðu athugasemdir um niðurstöðu málsins.

7. 1806461 - Frumvarp að fjárhagsáætlun Garðabæjar 2019 (2019-2022).

Lögð fram drög að tillögu um álagningu útsvars, fasteigngjalda og gjalda samkvæmt gjaldskrá. Lagt fram yfirlit yfir erindi sem vísað hefur verið til afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Lagt fram nýtt minnisblað Samband íslenskra sveitarfélaga um forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda ársins 2019 og fjárhagsáætlana til þriggja ára, dags. 2. nóvember 2018. Lagt fram yfirlit yfir ábendingar og tillögur sem borist hafa frá íbúum.

Bæjarráð vísar eftirfarandi tillögu um álagningu útsvars árið 2019 til afgreiðslu bæjarstjórnar .

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að álagningarhlutfall útsvars verði 13,70% á tekjur manna á árinu 2019 samkvæmt heimild í 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, sbr. 24. gr. laganna.

Samþykkt bæjarstjórnar skal tilkynnt fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrir 15. desember 2018 samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.“

8. 1810377 - Tilkynning frá Jöfnunarsjóði um drög að nýrri reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, dags. 29.10.18.

Lögð fram.

9. 1810352 - Tilkynning frá Jöfnunarsjóði um framlög vegna grunnskólastarfs, dags. 26.10.18.

Lögð fram.

10. 1810353 - Tilkynning frá Jöfnunarsjóði um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk, dags. 26.10.18.

Lögð fram.

11. 1810376 - Tilkynning frá Jöfnunarsjóði um útgjaldajöfnunarframlög 2019, dags. 29.10.18.

Lögð fram.

12. 1811017 - Bréf Garðakórsins varðand styrk á árinu 2019, dags. 24.10.18.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.

13. 1811002 - Umsagnarbeiðni um umsókn um leyfi fyrir gististað að Blikastíg 19.

Bæjarráð telur rétt áður en veitt er umsögn í málinu að umsóknina verði kynnt fyrir húseigendum við Blikastíg. Gefa skal tilgreindum aðilum kost á að tjá sig um umsóknina innan eðlilegs frests.

14. 1811003 - Tölvupóstur Billbord varðandi biðskýli og auglýsingaskilti, dags. 29.10.18.

Bæjarráð vísar málinu til nánari skoðunar bæjarstjóra.

15. 1811004 - Bréf UMF Álfтанess varðandi stuðning við starfsemi blakdeildar, ódags.

Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar íþrótt- og tómstundaráðs og til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.

16. 1811001 - Bréf umhverfis- og auðlindaráðherra um Umhverfisping 2018, dags.25.10.18.

Lagt fram.

- 17. 1811019 - Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis og Stofnunar Árna Magnússonar um dag íslenskrar tungu, dags. í október 2018.**
Bæjarstjóri upplýsti að íslenski fáninn verði dreginn að húni við Ráðhús Garðabæjar eins og venja er 16. nóvember í tilefni dags íslenskrar tungu.
- 18. 1810363 - Bréf Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins varðandi gjaldskrá, dags. 25.10.18.**
Bæjarráð visar gjaldskránni til afgreiðslu bæjarstjórnar.
- 19. 1809352 - Ákvörðun kærufndar útboðsmála vegna kæru Garðlistar ehf. á niðurstöðu útboðs vetrarþjónustu göngu- og hjólaleiða 2018-21, dags. 26.10.18.**
Lagður fram úrskurður kærufndar útboðsmála þar sem fram kemur í ákvörðunarorði að kröfu Garðlistar ehf. um að útboð Garðabæjar auðkennt „Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða í Garðabæ 2018-2021“ verði stöðvar er hafnað.
- 20. 1810378 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins með sérstöku tilliti til bújarða, 20. mál, dags. 29.10.18.**
Lagt fram.
- 21. 1810386 - Bréf Miðbaugs-minjaverkefnið varðandi umsókn um styrk til alþjóðlegs farandsverkefni listamanna, dags. 23.10.18.**
Bæjarráð telur eigi unnt að verða við erindinu.
- 22. 1809275 - Afgreiðsla fjölskylduráðs varðandi framkvæmdaáætlun Garðabæjar á sviði barnaverndar kjörtímabilið 2018-2022.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til bið bæjarstjórn að samþykkja tillögu fjölskylduráðs um framkvæmdaáætlun Garðabæjar á sviði barnaverndar kjörtímabilið 2018 -2022 til afgreiðslu bæjarstjórnar samkvæmt 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
- 23. 1810393 - Bréf Hafnarfjarðarbæjar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, Suðurhöfn, dags. 24.10.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.
- 24. 1810394 - Bréf Hafnarfjarðarbæjar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, Hamranes, dags. 25.10.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.
- 25. 1810395 - Bréf Margrétar Bjarkar Svavarsdóttur um uppsögn á starfi, dags. 30.10.18.**
Lagt fram bréf Margrétar Bjarkar Svavarsdóttur, um uppsögn á starfi sviðstjóra fræðslu- og menningarsviðs.
- Bæjarráð felur bæjarstjóra að auglýsa starfið og leggja fyrir bæjarráð tillögu um ráðningu í starfið að nýju en gert er ráð fyrir að ráðið verði í starfið frá og með 1. febrúar nk.
- Bæjarráð færir Margrétu Björk þakkir fyrir farsæl störf í þágu Garðabæjar og óskar henni velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 6. nóvember 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigurður Guðmundsson, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
41. (1856). fundur 2018

Þriðjudaginn 13. nóvember 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1806461 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2019 (2019-2022)**
Bæjarstjóri lagði fram yfirlit yfir útreikninga um áhrif lækkunar á álagningarhlutfalli fasteignagjalda á heildartekjur vegna fasteignagjalda sem sýndar eru í frumvarpi að fjárhagsáætlun.
- 2. 1710141 - Brekkugata 25 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita RK bygg ehf., kt. 560916-1830 leyfi til að byggja raðhús að Brekkugötu 25.
- 3. 1710140 - Brekkugata 27 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita RK bygg ehf., kt. 560916-1830 leyfi til að byggja raðhús að Brekkugötu 27.
- 4. 1710139 - Brekkugata 29 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita RK bygg ehf., kt. 560916-1830 leyfi til að byggja raðhús að Brekkugötu 29.
- 5. 1809199 - Mosagata 13-15 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Mosagötu ehf., kt. 630317-0530 leyfi til að byggja fjölbýlishús með 25 íbúðum að Mosagötu 13 - 15.
- 6. 1807255 - Víkurgata 22 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir að veita Anatasíu Alexandersdóttur, kt. 280493-5389 leyfi til að byggja einbýlishús að Víkurgötu 22.
- 7. 1810369 - Afgreiðsla skipulagsstjóra varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts vegna lóða við Urðargötu 1, 3 og 5, dsk breyting**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsstjóra um óverulega breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts vegna lóðanna við Urðargötu 1, 3 og 5. Grenndarkynning fellur niður þar sem breytingin varðar ekki aðra en umsækjanda og sveitarfélagið, sbr. 1. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

8. **1706330 - Afgreiðsla skipulagsstjóra varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Hliðs.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsstjóra um óverulega breytingu á deiliskipulagi Hliðs vegna færslu á byggingarreit. Grenndarkynning fellur niður þar sem breytingin varðar ekki aðra en umsækjanda og sveitarfélagið sbr. 1. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þá liggur fyrir jákvæð afstaða Umhverfisstofnunar.

9. **1810131 - Afgreiðsla skipulagsstjóra varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Kaupþúns vegna dælustöðvar í Kaupþúni.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsstjóra um óverulega breytingu á deiliskipulagi Kaupþúns vegna lóðar fyrir dælustöð. Grenndarkynning fellur niður þar sem breytingin varðar ekki aðra en umsækjanda og sveitarfélagið sbr. 1. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

10. **1711161 - Úrskurður umhverfis- og auðlindamála varðandi kæru á framkvæmdaleyfi vegna ljósabúnaðar fyrir gervigrasvöll, dags. 07.11.18.**
Lagður fram.

11. **1811055 - Bréf stjórnar Villikatta um lóðarskika undir færanleg smáhýsi, dags. 05.11.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra.

12. **1811069 - Bréf Sorpu bs. um rekstraráætlun 2019-2023, dags. 26.10.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu við gerð fjárhagsáætlunar.

13. **1811072 - Bréf Sorpu bs. um stofnframlag sveitarfélaganna vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar, dags. 02.11.18.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu um greiðslu stofnframlags til Sorpu bs. að fjárhæð kr. 24.720.692.

Heildarstofnframlag er kr. 350.000.000 og skiptist í samræmi við íbúafjölda aðildarsveitarfélaganna miðað við 1. desember 2017.

Samþykkt um greiðslu stofnframlags á árinu 2019 er vísað til afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að hlutast til um gerð viðauka við fjárhagsáætlun 2018 vegna greiðslu stofnframlags á árinu 2018.

14. **1811056 - Bréf Stígamóta um styrk fyrir árið 2019, dags. 31.10.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.

15. **1805129 - Bréf SSH um tillögu að fyrirkomulagi samstarfs um sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk, dags. 06.11.18.**
Bæjarráð samþykkir að boða til frekari kynningar um málið á næsta fundi bæjarráðs.

16. **1811105 - Kæra Sporthallarinnar ehf. vegna útboðs á uppbyggingu íþróttamannvirkja við Ásgarð, dags. 08.11.18.**
Bæjarráð samþykkir að fela Andra Árnasyni, lögmanni, hrl. að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

17. 1811106 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í húsnæðismálum, 5. mál., dags. 08.11.18.
Lagt fram.

18. 1810228 - Afgreiðsla menningar- og safnanefndar um styrk vegna tónleika kammerhópsins Camerartica, dags. 19.10.18.
Lögð fram.

19. 1811107 - Bréf SEEDS sjálfboðaliðasamtaka um samstarf, dags. 02.11.18.
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar bæjarstjóra.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 13. nóvember 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Fjölskylduráð Garðabæjar

11. fundur 2018

Þriðjudaginn 30. október 2018 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Eymundur Sveinn Einarsson varamaður, Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir aðalmaður, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Bergljót Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1806473 - Beiðni um umsögn vegna umsóknar um leyfi sem fósturforeldrar

Tekið er fyrir mál nr. 1806473 beiðni um umsögn fjölskylduráðs vegna umsóknar um leyfi sem fósturforeldrar. Fjölskylduráð fjallar um málið. Nánari bókun er í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

2. 1808199 - Beiðni um umsögn vegna umsóknar um leyfi sem fósturforeldrar

Tekið er fyrir mál nr. 1808199 beiðni um umsögn fjölskylduráðs vegna umsóknar um leyfi sem fósturforeldrar. Fjölskylduráð fjallar um málið. Nánari bókun er í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

3. 1809256 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 1809256 umsókn um fjárhagsaðstoð. Fjölskylduráð fjallar um málið. Nánari bókun er í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

4. 1809275 - Framkvæmdaáætlun Garðabæjar á sviði barnaverndar kjörtímabilið 2018-2022

Tekið er fyrir mál nr. 1809275 framkvæmdaáætlun Garðabæjar á sviði barnaverndar kjörtímabilið 2018-2022. Fjölskylduráð fjallar um áætlunina og framkomnar athugasemdir. Samþykkt er að senda fyrirliggjandi drög að framkvæmdaáætlun til afgreiðslu bæjarráðs.

5. 1810017 - Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjárforeldrum, 25. mál.

Tekið er fyrir mál nr. 1810017 frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjárforeldrum. Bæjarráð Garðabæjar vísar málinu til umfjöllunar í fjölskylduráði.

Fjölskylduráð fjallar um málið. Ýmis sjónarmið koma fram. Fjölskylduráð leggur höfuðáherslu á að alltaf skuli hafa það sem barni er fyrir bestu í forgangi þegar teknar eru ákvarðanir er varða börn sbr. m.a. 3. gr. í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Mikilvægt er að fyrirkomulag búsetu barna sé til þess fallið að tryggja stöðugleika, samfellu, öryggi og festu í lífi þeirra. Fjölskylduráð mun taka málið aftur fyrir síðar.

6. 1809281 - Tilkynning frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga

Tekið er fyrir mál nr. 1809281 tilkynning frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti um yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga. Lagt fram.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar
3. fundur 2018

Fimmtudaginn 8. nóvember 2018 kl. 17:00 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í leikskólanum Lundabóli.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Valborg Ösp Á. Warén aðalmaður, Fanney Hanna Valgarðsdóttir varamaður, Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri, Katrín Friðriksdóttir forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Anna Kristborg Svanlaugsdóttir fulltrúi starfsmanna, Eydís Sigurðardóttir fulltrúi foreldra og Sigurborg K Kristjánsdóttir varafulltrúi leikskólastjóra.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri skóladeildar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1807214 - Umsókn um endurnýjun á leyfi til daggæslu barna í heimahúsi**
Endurnýjun á leyfi til daggæslu samþykkt.
- 2. 1806170 - Starfsáætlanir leikskóla 2018 2019**
Starfsáætlanir leikskóla lagðar fram og samþykktar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar

5. fundur 2018

Föstudaginn 9. nóvember 2018 kl. 08:15 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason formaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorgerður Anna Arnardóttir varamaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson varamaður og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1710153 - Aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands

Margrét Sigurgeirsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Garðabæjar, var gestur fundarins undir þessum lið og 2.tl.fundarins.

Áframhaldandi umræður frá síðasta fundi um að ljósmyndasýningu/samkeppni í samstarfi við Bókasafn Garðabæjar í tilefni af aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands. Farið var yfir með hvaða hætti verður auglýst eftir ljósmyndum og hvernig staðið verði að veitingu viðurkenninga fyrir ljósmyndir. Innsendar myndir skulu sendar inn í síðasta lagi 1. desember 2018, á 100 ára afmæli fullveldisins. Reiknað er með að ljósmyndasýningin verði að mestu á skjám en einnig er gert ráð fyrir að prenta út ákveðinn fjölda mynda og hafa til sýnis.

2. 1811078 - Bókasafn Garðabæjar - framtíðarhúsnæði

Bréf Margrétar Sigurgeirsdóttur, forstöðumanns Bókasafns Garðabæjar, dags. 29. október 2018, um húsnæðismál Bókasafns Garðabæjar tekið fyrir.

Margrét Sigurgeirsdóttir fylgdi málinu eftir og ræddi húsnæðismál safnsins.

Umræður voru um málið. Einnig var rætt um hvernig bókasafn gæti verið kjarnastarfsemi í fjölnota menningar- og fræðamiðstöð eins og kom fram í skýrslu starfshóps þar um frá því í vor.

Margréti var þakkað fyrir komuna á fundinn.

3. 1809235 - Tónlistarveisla í skammdeginu 2018

Tónlistarveisla í skammdeginu var haldin í sextánda sinn á Garðatorgi fimmtudaginn 8. nóvember sl. Farið var yfir hvernig til tókst. Að þessu sinni var það hljómsveitin Valdimar sem steig á svið fyrir fullu húsi gesta. Samhliða tónlistarveislunni opnaði samsýning myndlistarfélagsins Grósku undir heitinu Leyndarmál. Myndlistarsýningin stendur út næstu helgi.

4. 1808275 - Verkefni menningar- og safnanefndar 2018-2019

Haustrvaka Kvennakórs Garðabæjar var haldin 25. október sl. í Kirkjuhvoli. Menningardagskrá kórsins er haldin í samstarfi við menningar- og safnanefnd Garðabæjar og er hluti af samstarfssamningi kórsins við bæinn. Fjölbreytt dagskrá var um kvöldið þar sem Eypór Eðvarðsson var ræðumaður kvöldsins, nemendur úr Tónlistarskóla Garðabæjar voru með tónlistaratriði og María Magnúsdóttir söngkona og bæjarlistamaður kom fram, auk þess sem Kvennakórinn söng í byrjun og lok dagskrár.

Fimmtudaginn 1. nóvember sl. hélt María Magnúsdóttir bæjarlistamaður tónleika í samstarfi við

menningar- og safnanefnd. Tónleikarnir voru haldnir í Vídalínskirkju. Með Maríu á tónleikunum voru þeir Sigurður Flosason saxófónleikari og Agnar Már Magnússon píanóleikari, báðir fyrrum bæjarlistamenn Garðabæjar.

Greint var frá því að undirbúningur fyrir Vetrahátíð 2019 er hafinn þar sem Garðabær hefur tekið þátt með því að vera með dagskrá í söfnum bæjarins á Safnanótt og í Álftaneslaug á Sundlauganótt. Vetrahátíð verður haldin aðra helgina í febrúar 2019.

5. 1809228 - Tillaga um stofnun Sköpunarmiðstöðvar (Menningarhús)

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi. Greint var frá ýmiss konar starfsemi annars staðar sem að einhverju leyti falla undir hugmyndir um sköpunarmiðstöð.

Umræður voru um málið.

Upplýsingastjóra var falið að taka saman upplýsingar um starfsemi Klifsins, Grósku og fleiri félaga í Garðabæ og þá sérstaklega með tilliti til starfs fyrir ungt fólk á sviði sköpunar. Einnig verður aflað upplýsinga um stöðu samstarfs Garðabæjar við Hafnarfjörð og Nýsköpunarmiðstöð um rekstur frumkvöðlasetursins Kveikjunnar.

6. 1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 (2019-2022)

Frumvarp til fjárhagsáætlunar 2019 var tekið til fyrstu umræðu í bæjarstjórn Garðabæjar 1. nóvember sl. Síðari umræða í bæjarstjórn er fyrirhuguð 6. desember nk. Íbúar hafa verið hvattir til að senda inn ábendingar og tillögur í tengslum við fjárhagsáætlunina og enn er hægt að senda inn ábendingar.

Farið var yfir ýmsar ábendingar sem hafa borist í tengslum við menningarmál. Ábendingar verða flokkaðar og lagðar fyrir bæjarráð í nóvember. Farið var yfir áætlað deildaryfirlit fyrir menningarmál á árinu 2019.

Formaður greindi frá óskum um viðbótarframlag til nokkurra verkefna á sviði menningarmála sem verið er að vinna úr, m.a. um að setja af stað vinnu starfshóps á næsta ári sem fengi það hlutverk að fylgja eftir greinargerð um fjölnota menningar- og fræðamiðstöð frá því í apríl 2018.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Stjórn Hönnunarsafns Íslands
3. fundur 2018

Fimmtudaginn 23. ágúst 2018 kl. 15:00 kom stjórn Hönnunarsafns Íslands saman til fundar Hönnunarsafn Íslands.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Kristín B Björgvinsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Sigríður Sigurjónsdóttir Forstöðumaður og Katrín Friðriksdóttir settur forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1808001HO - Aðsóknartölur

Árið 2014 var metár í aðsókn í sögu safnsins en þá heimsóttu 7770 gestir safnið í kringum sýningu á fatnaði Vigdísar Finnbogadóttur. 2015 - 2017 voru aðsóknartölur milli 4000 - 5000 gestir á ári. Stefnt er að því árið 2018 að ná sama gestafjölda og árið 2014. Stjórnin er bjartsýn á að það takist enda hefur aðsókn verið góð.

2. 1808002HO - Rekstur 2018

Farið yfir rekstrartölur safnsins. Safnið er á áætlun.

3. 1709001HO - Sérýningar - Einar Þorsteinn

Skráningin er tímafrek en gengur vel. Gestir þakklátir fyrir að geta rætt við starfsfólk safnsins á sýningunni og fræðst um Einar Þorstein og kynnt sér skráningarferlið. Mikill áhugi menntastofnanna á að koma með nemendur í heimsókn, sérstaklega framhaldsskóla og háskóla.

4. 1808003HO - Dagatal Hönnunarsafns 2019

Farið yfir hugmyndir að næstu sýningum og viðburðum.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
13. fundur 2018

Fimmtudaginn 1. nóvember 2018 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í miðrymi 3. hæð á bæjarskrifstofum Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsson aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gyfladóttir byggingarfulltrúi, Anna María Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi, Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1803108 - Norðurnes Álftaness, deiliskipulag

Ómar Ívarsson skipulagsráðgjafi hjá Landslagi ehf kynnti afrakstur undirbúnings og greininga á forsendum deiliskipulagvinnunnar. Ljóst að útfærsla deiliskipulagsins getur kallað á aðalskipulagsbreytingu. Vísað til frekari úrvinnslu hjá skipulagsráðgjafa og tækni-og umhverfissviði.

2. 1612146 - Arnarnes, endurauglýsing deiliskipulags

Málið tekið fyrir að nýju eftir að Hornsteinar hafa uppfært greinargerð deiliskipulags Arnarness eftir ábendingar Skipulagsstofnunar í bréfi frá 28. maí síðastliðinn. Frá því að málið var tekið fyrir síðast hefur greinargerðin verið uppfærð, vinnu við húsakönnun er lokið og umsögn Minjastofnunar liggur fyrir auk þess sem búið er að uppfæra fornleifaskráningu í samræmi við gildandi staðla.

Lagt er fram deiliskipulag Arnarness, greinargerð og skipulagsskilmálar, deiliskipulagsuppdráttur, skýringaruppdráttur og húsakönnun. Ásamt bréfi Skipulagsstofnunar, dags. 28. maí 2018, og drög að bréfi til Skipulagsstofnunar vegna málsins. Einnig er umsögn Minjastofnunar lögð fram, tölvupóstur dags. 15.10.2018. Það er mat skipulagsráðgjafa að breytingarnar kalli ekki á endurauglýsingu. Skipulagsnefnd tekur undir mat skipulagsráðgjafa samþykkir framlagðar breytingar og vísar málinu til bæjarráðs og bæjarstjórnar.

3. 1606034 - Hafnarfjarðarv/Vífilsstaðav. Endurbætur gatnamóta.

Guðbjörg Brá Gísladóttir greindi frá samræðum við Vegagerðina um útfærslur á endurbótum Hafnarfjarðarveg og gatnamóta við Vífilsstaðaveg. Vísað til frekari vinnslu hjá tækni-og umhverfissviði.

4. 1802322 - Reiðskemma Sóta

Lögð fram tillaga að reiðskemmu hestamannafélagsins Sóta að lokinni grenndarkynningu byggingarleyfisumsóknar ásamt athugasemdum sem borist hafa. Lögð fram greinargerð hestamannafélagsins þar sem brugðist er við innsendum athugasemdum.

Það er mat tækni-og umhverfissviðs að ekki sé skynsamlegt að lækka bygginguna í landi vegna vatnsstöðu á svæðinu.

Skipulagsnefnd leggur til að við veitingu byggingarleyfis verði sett það skilyrði að litir reiðskemmunnar sé í skala jarðlita og að jarðvegsmótun umhverfis bygginguna dragi úr sjónrænum áhrifum byggingarinnar.

Að uppfylltum ofan greindum atriðum gerir skipulagsnefnd ekki athugasemd við að byggingarleyfi verði veitt sbr.44.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

Baldur Ó. Svavarsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

5. 1804300 - Álftanes sjóvarnir

Lögð fram umsögn Umhverfisstofnunar vegna tillagna að sjóvörnum við Hliðsnes og Blikastíg.

Skipulagsnefnd samþykkir að Vegagerðinni verði framkvæmdaleyfi fyrir sjóvörnum þeim sem tillagan gerir ráð fyrir við Hliðsnes og Blikastíg í eins og þeim er lýst í fyrirbyggjandi gögnum og í samræmi við 13.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

6. 1810369 - Urðargata 1, 3 og 5, dsk breyting

Lögð fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu og umsögn deiliskipulagshöfundar.

Umsókn gerir ráð fyrir aukningu byggingarmagns lóðarinnar sem nemur gluggalausum rýmum á neðri hæð. Frágangur lóðarinnar er með þeim hætti að á aftari hluta neðri hæðar yrði að fylla upp í gluggalaus rými til þess að uppfylla ákvæði um heildar byggingarmagn. Grenndaráhrif viðbótarrýma er hverfandi. Vísað til skipulagsstjórat til frekari skoðunar og til afgreiðslu.

7. 1806135 - Dýjagata 15. Breytingar - deiliskipulag

Lögð fram öðru sinni tillaga að deiliskipulagsbreytingu á lóðinni Dýjagata 15. Starfsmenn tækni-og umhverfissviðs hafa boðað þann aðila sem gerði athugasemd til viðtals en því var hafnað.

Lagðar fram þrívíddarmyndir arkitekts og höfundar fyrirbyggjandi tillögu sem sýnir áhrif deiliskipulagsbreytingarinnar.

Skipulagsnefnd telur að áhrif breytingarinnar á aðliggjandi hús séu frekar til bóta frekar en бага.

Skipulagsnefnd samþykkir breytingartillöguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts Vesturhluta í samræmi við 2.mgr.44.gr.Skipulagslaga.

8. 1806013 - Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Sundahöfn

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við tillöguna.

9. 1810244 - Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Miðsvæði M2c-M2g, Múlar-Suðurlandsbraut

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við tillöguna.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Ungmennaráð Garðabæjar 32. fundur 2018

Þriðjudaginn 16. október 2018 kl. 17:30 kom ungmennaráð Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Ágúst Ingi Bragason aðalmaður, Anna Karen Elvarsdóttir varamaður, Máni Magnússon aðalmaður, Valgerður Eyja Eyþórsdóttir aðalmaður, Lóa Kolbrá Friðriksdóttir aðalmaður, Emma Stína Ólafsdóttir aðalmaður, Rut Pétursdóttir aðalmaður, Askur Hrafn Hannesson aðalmaður, Tinna Margrét Hrafnkelsdóttir aðalmaður og Helga Vala Gunnarsdóttir forstöðumaður Klakans.

Fundargerð ritaði: Helga Vala Gunnarsdóttir forstöðumaður Klakans.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1811071 - Fundur ungmennaráðs 16.10.2018

1. Helga Vala Gunnarsdóttir í launalaust leyfi

Helga Vala kynnti Tómas Þór sem mun leysa hana af í eitt ár frá og með 1. nóvember

2. Formannskjör

Ágúst Ingi Bragason og Máni Magnússon sóttust eftir formennsku og kosning fór fram.

Ágúst Ingi var kosinn formaður og Máni varaformaður.

3. Fundur v. fjárhagsáætlunar Garðabæjar

Ákveðið var á síðasta fundi að ungmennaráð fengi kynningu á fjárhagsáætlun Garðabæjar 2019. Farið var yfir nokkur atriði sem ungmennin vildu nefna og spyrja um.

4. Erindisbréf ungmennaráðs Garðabæjar

Meðlimir ungmennaráðs vilja breyta nokkrum atriðum í erindisbréfi ungmennaráðs.

Atriðin munu vera send á bæjarstjórn til samþykktar.

5. Fundartími

Facebook síða hópsins mun vera notuð til þess að finna fundartíma og Helga Vala hvatti ungmennin til þess að vera dugleg að nota síðuna til skrafs og ráðagerða í vetur.

6. Ritari ungmennaráðs

Anna Karen bauð sig fram til að vera ritari hópsins en í kjölfarið komu fleiri og ákveðið var því að ritarastarfinu yrði skipt niður á fundum.

Gestir

Birta Lind Ragnarsdóttir, varamaður, Hrannar Máni Ólafsson, varamaður, Tómas Þór Jacobsen starfsmaður Klakans - 00:00

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs 24. okt. 2018.

Fundur haldinn kl. 17.00 í Lykkju í Borgartúni 12-14

Mættir: Líf Magneudóttir, formaður, Þorvaldur Örn Árnason, Margrét Pálsdóttir, Jóna Sæmundsdóttir, Kjartan Már Kjartansson, Guðmundur Grétar Karlsson og Andri Steinn Hilmarsson.

Einnig sat fundinn Óskar Sævarsson og Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Umræður um stjórn Reykjanesfólkvangs

Rætt almennt um starfsemi stjórnar og hvað var á döfinni hjá fyrri stjórn. Meðal annars stjórnunaráætlun, drög að samstarfssamningi, mögulegar breytingar á formennsku og umsýslu um stjórnina, landvörslu, framlög sveitarfélaganna til fólkvangsins ofl.

Vakin athygli á heimasíðu fólkvangsins sem er www.reykjanesfolkvangur.is.

Samþykkt var að stefna að 4 fundum á ári auk skoðunarferðar í vor. Send verður tillaga að fundartímum.

Gögn sem tengjast ofangreindu verða send stjórnarmönnum.

2. Reykjanes jarðvangur

Rætt um mögulegt samstarf við Reykjanes jarðvang. Ákveðið að fá Eggert Sólberg verkefnisstjóra jarðvangsins á næsta fund stjórnar.

<http://www.reykjanesgeopark.is>

3. Landvarsla

Landvörður fór yfir helstu þætti í landvörslunni og gerði grein fyrir samstarfsaðilum. Ársskýrsla 2018 verður send út þegar hún er klár. Landvörður starfar 15. apríl til 1. nóvember samkvæmt samningi.

4. Dagskrá næsta fundar

Jarðvangurinn

Landvarsla

Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs

Úttekt á skiltum

Heimasíða

Tillaga að fundartíma 28. nóv, 6. feb, 20. mars, ferð í maí

Fundi slitið kl. 18:30

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

293. fundur

Fimmtudaginn 25. október 2018 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 15:00.

Mætt voru:

Björg Fenger, Hjálmar Sveinsson, Magnús Örn Guðmundsson, Helga Ingólfssdóttir, Karen Halldórsdóttir og Ásgeir Sveinsson.

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Akstursþjónusta fatlaðs fólks.
2. Vagnakaup - tafabætur.
3. Keðjuábyrgð.
4. Persónuverndarmál.
5. Gjaldskrármál.
6. Innri endurskoðun.
7. Áhættustefna, skýrsla til stjórnar.

Tekið fyrir:

1. Akstursþjónusta fatlaðs fólks.

Fjallað um stöðuna í akstursþjónustu fatlaðs fólks eftir að einn verktaki, Prime Tours, var tekinn til gjaldþrotaskipta. Inn á fundinn kom Guðmundur Siemsen, lögfræðingur Strætó og fór yfir hvaða möguleikar eru fyrir hendi m.t.t. rammasamnings sem í gildi er og þau lög og reglur sem gilda um innkaup opinberra aðila. Stjórn felur Guðmundi að hafa samband við innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar og fá frá þeim lögfræðilegt mat á stöðunni.

2. Vagnakaup – tafabætur.

Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að ganga til samninga við söluaðila um uppgjör tafabóta vegna örútboðs II og III í samræmi við útboðsskilmála og umræður á fundinum.

3. Keðjuábyrgð

Stjórn felur stjórnarformanni Strætó að setja saman í samráði við lögfræðinga félagsins tillögur að skilmálum um keðjuábyrgð og leggja fyrir stjórn.

4. Persónuverndarmál

Framkvæmdastjóri kynnti vinnu við gerð persónuverndarstefnu Strætó sem og verklags- og leiðbeiningarreglur sem verið er að vinna að.

5. Gjaldskrá

Framkvæmdastjóri fór yfir gjaldskrá og urðu umræður um hvort hægt væri að einfalda gjaldskrá Strætó. Áframhaldandi umræður verða á næstu fundum.

6. Innri endurskoðun

Sunna Jóhannsdóttir og Ólafur Kristinsson komu inn á fundinn og kynntu niðurstöðu endurskoðunarnefndar Strætó á erindi stjórnar Strætó er varðaði innri endurskoðun hjá félaginu. Stjórn Strætó hafði óskað eftir afstöðu nefndarinnar til þess að framlengja núverandi samningi við Deloitte um innri endurskoðun. Óskuðu fulltrúar endurskoðunarnefndarinnar einnig eftir að koma fljótlega aftur inn á fund stjórnar til að kynna störf nefndarinnar.

Niðurstaða stjórnar er að óska eftir við Deloitte að samningurinn verður framlengdur um eitt ár.

7. Áhættustefna, skýrsla til stjórnar.

Framkvæmdastjóri lagði fram skýrslu um áhættustefnu og þær mótvægisáðgerðir sem gripið hefur verið til.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið: kl. 17:00

Fylgiskjöl:

Engin fylgiskjöl lögð fram.

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

Karen Halldórsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

294. fundur

Föstudaginn 2. nóvember 2018 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 13:00.

Mætt voru:

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Helga Ingólfssdóttir (HI), Karen Halldórsdóttir (KH) og Ásgeir Sveinsson (ÁS).

Fjarverandi: Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ)

Fundinn sat einnig Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármála og rekstur sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Akstursþjónusta fatlaðs fólks.

Tekið fyrir:

1. Akstursþjónusta fatlaðs fólks.

Áframhaldandi umfjöllun um stöðuna í akstursþjónustu fatlaðs fólks eftir að einn verktaki, Prime Tours ehf., var tekinn til gjaldþrotaskipta, 17. október sl. Frá þeim tíma hefur verið til skoðunar hvernig best er hægt að tryggja að þjónustan uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar.

Í kjölfar gjaldþrotsins óskaði skiptastjóri þrotabúsins eftir samþykki stjórnar Strætó á framsali rammsamningsins til annars rekstraraðila sem gert hefur tilboð í rekstrarvagna þrotabúsins og boðið starfsfólki þess áframhaldandi starf.

Guðmundur Siemsen, lögmaður hjá Advel og Eypóra Geirsdóttir lögmaður hjá Embætti borgarlögmanns fóru yfir möguleika framsals með tillit til rammasamningsins sem er í gildi sem og þau lög og reglur sem gilda um innkaup opinberra aðila.

Að fenginni staðfestingu á að framsal væri heimilt og að umræddur rekstraraðili fullnægi öllum hæfisskilyrðum rammasamningsins, samþykktu fjórir (BF, HS, KH, ÁS) stjórnarmenn framsal samningsins fyrir sitt leyti. Einn stjórnarmaður (HI) greiddi atkvæði gegn samþykki um framsal samningsins.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið: kl. 15.30

Fylgiskjöl:

- Minnisblað, Innkaupadeild Reykjavíkur, dags. 2.11.2018

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

Karen Halldórsdóttir

Ferill fundarbókana er varða erindið:

Málsnúmer: 1804300
Málsheiti: Álftanes sjóvarnir
Málsaðili: Garðabær
Skráð af: Guðbjörg Brá Gísladóttir
Ábyrgðaraðili: Eysteinn Haraldsson

Fundur: Skipulagsnefnd Garðabæjar - 13 (1.11.2018) - Álftanes sjóvarnir

Dags: 01.11.2018

Inngangur:

Niðurst.: Lögð fram umsögn Umhverfisstofnunar vegna tillagna að sjóvörnum við Hliðsnes og Blikastíg.

Skipulagsnefnd samþykkir að Vegagerðinni verði framkvæmdaleyfi fyrir sjóvörnum þeim sem tillagan gerir ráð fyrir við Hliðsnes og Blikastíg í eins og þeim er lýst í fyrirbyggjandi gögnum og í samræmi við 13.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

Ferill fundarbókana er varða erindið:

Málsnúmer: 1612146
Málsheiti: Arnarnes, endurauglýsing deiliskipulags
Málsaðili: Garðabær
Skráð af: Arinbjörn Vilhjálmsson
Ábyrgðaraðili: Arinbjörn Vilhjálmsson

Fundur: Skipulagsnefnd Garðabæjar - 13 (1.11.2018) - Arnarnes, endurauglýsing deiliskipulags
Dags: 01.11.2018

Inngangur:

Niðurst.: Málið tekið fyrir að nýju eftir að Hornsteinar hafa uppfært greinargerð deiliskipulags Arnarness eftir ábendingar Skipulagsstofnunar í bréfi frá 28. maí síðastliðinn. Frá því að málið var tekið fyrir síðast hefur greinargerðin verið uppfærð, vinnu við húsakönnun er lokið og umsögn Minjastofnunar liggur fyrir auk þess sem búið er að uppfæra fornleifaskráningu í samræmi við gildandi staðla.

Lagt er fram deiliskipulag Arnarness, greinargerð og skipulagsskilmálar, deiliskipulagsuppdráttur, skýringaruppdráttur og húsakönnun. Ásamt bréfi Skipulagsstofnunar, dags. 28. maí 2018, og drög að bréfi til Skipulagsstofnunar vegna málsins. Einnig er umsögn Minjastofnunar lögð fram, tölvupóstur dags. 15.10.2018.

Það er mat skipulagsráðgjafa að breytingarnar kalli ekki á endurauglýsingu. Skipulagsnefnd tekur undir mat skipulagsráðgjafa samþykkir framlagðar breytingar og vísar málinu til bæjarráðs og bæjarstjórnar.



Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Dagsetning	29.10.2018
Málavísir	0092
Mál nr.	1810363

Bæjarstjórn Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík, 25. október 2018

Varðar: Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. hefur fyrir sitt leyti á 176. stjórnarfundum þann 19. október 2018 samþykkt meðfylgjandi gjaldskrá fyrir slökkviliðið.

Megintilgangur gjaldskrárinnar er að gera slökkviliðsstjóra mögulegt að taka gjald samkvæmt heimild í 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 þegar þarf að beita þvingunarræðum og/eða viðurlögum.

Um tvenns konar taxa er að ræða. Annars vegar vegna gjaldtöku fyrir lögbundin verkefni, þar sem heimild til gjaldtöku liggur fyrir í lögum. Grunneining vegna slíkrar gjaldtöku er 14.161 kr./klst.

Hins vegar er sérstakur taxti vegna gjaldtöku fyrir önnur verkefni og þjónustu sem slökkviliðið sinnir ef óskað er eftir því. Þetta eru verkefni sem eru ekki lögbundin, en falla þó að tilgangi liðsins skv. stofnsamningi, séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila. Grunneining vegna slíkrar gjaldtöku er 19.117 kr./klst. Mikilvægt þykir að gjaldtakan sé þess eðlis að hún hvetji heldur til þess að leitað sé til aðila á hinum almenna markaði eftir þessari þjónustu, sé þess kostur, þar sem slökkviliðið eigi aldrei að vera eftirsóknarverður valkostur til að sinna ólögbundnum verkefnum sem aðrir geti hugsanlega sinnt. Því er einingaverð vegna gjaldtöku fyrir verkefni sem ekki teljast lögbundin verkefni slökkviliðsins 35% hærra en einingaverð fyrir lögbundin verkefni.

Til að gjaldskráin öðlist gildi þarf samþykki allra aðildarsveitarfélaganna og óskar undirritaður því hér með eftir samþykki að beiðni stjórnar slökkviliðsins.

Samhljóða bréf er sent stjórnnum hinna aðildarsveitarfélaganna fimm.

Virðingarfyllst,


Jón Viðar Matthíasson
slökkviliðsstjóri

Meðfylgjandi:

Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., dags. 19. október 2018

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Skógarhlíð 14 – 105 Reykjavík – Sími 528 3000

www.shs.is – shs@shs.is

GJALDSKRÁ

Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

I. kafli

Almennt.

1. gr.

Verkefni Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) ákvarðast annarsvegar af lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hinsvegar af ákvæðum í stofnsamningi SHS.

2. gr.

SHS innheimtir ferða- og upphaldskostnað í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins.

3. gr.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefni telst þjóna almannahagsmunum og/eða fellur að markmiðum sem SHS eru sett í stofnsamningi.

II. kafli

Lögbundin verkefni.

4. gr.

Sé ákvæðum 2. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum beitt skal eigandi eða umráðamaður mannvirkis eða lóðar bera kostnað samkvæmt gjaldskrá af eftirliti með því að farið hafi verið að kröfum um úrbætur samkvæmt 3. mgr. 29. gr. sömu laga. Einnig er heimilt að taka gjald fyrir öryggis- og lokaúttektir samkvæmt 2. mgr. 12. gr. sömu laga.

Fast tímagjald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 14.161 króna.

5. gr.

Öryggisvaktir á mannvirki.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna öryggisvakta eftir að eiganda eða forráðamanni hefur verið tilkynnt ákvörðun slökkviliðsstjóra um að öryggisvakt skuli sett á viðkomandi húseign. Á það jafnframt við um tilfallandi vaktir vegna tímabundinna viðburða þar sem fullum eldvörnum verður ekki við komið eða á meðan unnið er að úrbótum á þeim. Innheimtar eru að lágmarki 56.644 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 14.161 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma. Heimild til gjalddöku byggir á 3. mgr. 29. gr. og 30. gr. laga um brunavarnir.

6. gr.

Lokun mannvirkis.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna lokunar mannvirkis eftir að eiganda eða forráðamanni hefur verið tilkynnt ákvörðun slökkviliðsstjóra um að loka skuli viðkomandi mannvirki. Innheimt er 14.161 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Þegar um lokunaraðgerðir er að ræða utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns eru innheimtar 56.644 kr., auk 14.161 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. og 32. gr. laga um brunavarnir.

7. gr.

Dagsektir.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til frá og með ákvörðun slökkviliðsstjóra um dagsektir og þar til kröfum um úrbætur á eldvörnum hefur verið fullnægt. Innheimt er 14.161 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

8. gr.

Öryggis- og lokaúttektir.

Innheimt er fyrir alla vinnu sem fellur til vegna öryggis- og lokaúttektar, að lágmarki 28.322 kr. Fyrir stærri úttektir skal að auki innheimt 14.161 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvo tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir.

9. gr.

Eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar.

Fyrir endurkomu vegna eftirlits og eftirfylgni kröfugerðar skal innheimt fast gjald, 28.322 kr. fyrir hvert skipti. Fyrir aðra vinnu við eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar skal innheimt 14.161 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund. Þegar eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar á sér stað utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns eru innheimtar 56.644 kr., auk 14.161 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

10. gr.

Eftirfylgni útkalla vegna brunaviðvörðunarkerfa.

Sé slökkvilið kallað út vegna boða frá sjálfvirku brunaviðvörðunarkerfi án þess að eldur sé laus skal innheimt fyrir kostnaði af eftirliti með því að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir endurtekin falsboð.

Innheimt er fast gjald fyrir tvær klukkustundir, 28.322 kr., fyrir eftirlitið. Leiði það hins vegar til frekara eftirlits, vegna ítrekaðra falsboðana eða alvarlegra ágalla á brunavörnum, fellur það undir eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar sbr. 9. gr. þessarar gjaldskrár og er þá innheimt samkvæmt því. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

III. kafli

Önnur verkefni og þjónusta.

11. gr.

Slökkviliðið sinnir öðrum verkefnum sem eru ekki skilgreind sem verkefni liðsins samkvæmt lögum. Þessi verkefni verða þó að falla að tilgangi slökkviliðsins sem er að vinna að velferð íbúa aðildarsveitarfélaga samkvæmt stofnsamningi, séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila. Því ber að taka gjald fyrir veitta þjónustu.

Fast tímagjald samkvæmt 4. gr. fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 14.161 króna fyrir lögbundin verkefni. Að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða, þjálfunar, virkjunartíma og þess að þjónustan er aðgengileg allan sólarhringinn, allt árið er fast tímagjald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns innheimt með 35% álagi. Fast tímagjald fyrir vinnu sem ekki er skilgreind sem verkefni liðsins samkvæmt lögum er því 19.117 krónur nema annað sé sérstaklega tekið fram. Þar sem um sérstakan viðbúnað er að ræða, sbr. 12.-14. gr., er að lágmarki innheimt fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir, eða 152.936 krónur.

12. gr.

Viðbúnaður vegna eldsvoða og mengunaróhappa.

Í 2. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum kemur fram að löggin gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi nema kveðið sé á um annað í lögnum. Þau gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði. Löggin ná til starfsemi slökkviliða á landi, þ.m.t. slökkvistarfa í jarðgöngum, í skipum sem liggja í höfn og loftförum sem eru á jörðu niðri.

Slökkvistörf og viðbúnaður við mengunaróhöppum á sjó og í lofti falla hins vegar ekki undir löggin, né heldur eldvarnir í skipum með haffærisskirteini, loftförum, almennum vinnuvélum, bifreiðum eða öðrum vélknúnum ökutækjum. Slökkviliðsstjóri metur það hverju sinni hvort sinna skuli beiðnum um verkefni sem liggja fyrir utan gildissvið laganna.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni slíku ólögboðnu verkefni skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal að lágmarki 152.936 kr., auk 19.117 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

13. gr.

Viðbúnaður vegna upphreinsunar.

Upphreinsun sem fellur ekki undir skilgreiningu 3. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 á mengunaróhappi er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skal beiðnum um verkefni fyrir utan gildissvið laganna.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni verkefni sem fellur utan gildissviðs laganna skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal því að lágmarki 152.936 kr., auk 19.117 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

14. gr.

Viðbúnaður vegna verðmætabjörgunar og vatnsleka.

Verðmætabjörgun sem ekki er tilgreind í brunavarnalögum, t.d. vegna vatnsleka, er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skal beiðnum um verkefni fyrir utan gildissvið laganna.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni verkefni sem fellur utan gildissviðs laganna skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal því að lágmarki 152.936 kr., auk 19.117 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

15. gr.

Ráðgjafarþjónusta.

Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnisýslulaga um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi. Ef ráðgjafarvinnan er fyrir utan ákvæði d-liðar 1. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum, um leiðbeiningar til fyrirtækja og stofnana eftir atvikum um hvaðeina er varðar brunavarnir og eldsvoða vegna viðkomandi starfssemi, er þjónustan gjaldskyld. Innheimtar eru 19.117 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

16. gr.

Tækjaleiga.

Tækjaleiga er ekki fyrirskrifuð í lögum um brunavarnir. Þó er eðlilegt að leigja tæki sem eru þess eðlis að ekki er hægt að leigja þau hjá öðrum aðilum eða ef aðstæður kalla á skjóta notkun sem aðrir aðilar geta ekki boðið.

Verðlagning er ákveðin þannig að hún sé ávallt í það minnsta 35% hærri en leiga á svipuðum eða sambærilegum tækjum sem aðrir geta útvegað til að tryggja samkeppnissjónarmið. Oftast er um að ræða dælu- eða körfubíla, t.d. vegna kvikmyndagerðar eða einhverrar uppákomu sem kallar á slíkan búnað. Verðlagningu á tækjum skal endurskoða við hverja breytingu á gjaldskrá þessari.

Tæki SHS skulu aðeins notuð af starfsmönnum slökkviliðsins. Innheimtar eru að lágmarki 56.644 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 14.161 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma, auk tækjaleigu.

17. gr.

Fylgd vegna sprengiefnaflutninga.

Sprengiefnafylgd er ekki áskilin í lögum um brunavarnir heldur er kveðið á um slíka fylgd í lögreglusamþykkt Reykjavíkur og veitir lögreglustjóri ekki heimild til flutnings nema í fylgd slökkviliðs. Innheimtar eru að lágmarki 56.644 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 14.161 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma.

18. gr.

Annað.

Innheimt skal gjald fyrir aðra vinnu sem ekki er tilgreind hér og ekki er mælt fyrir um í lögum eða er í samræmi við stofnsamning SHS. Innheimt er fyrir tæki samkvæmt 16. gr. og að lágmarki 56.644 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 14.161 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma.

Getur þetta átt við um þjónustu vegna sérstakra verkefna eins og kvikmyndatöku, móttöku erlendra þjóðhöfðingja eða sendimanna, menningarviðburða o.fl. þess háttar.

IV. kafli
Innheimta.
19. gr.

SHS annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari eða innheimtufyrirtæki sem verkefnið er falið samkvæmt samningi þar að lútandi. Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnana. Gjaldddagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjaldddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjöldum sem til eru komin vegna öryggis- og lokaúttekta, sem og aðgerða til að knýja fram úrbætur samkvæmt lögum, sbr. 5. gr. t.o.m. 10. gr., fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, sbr. 3. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum.

V. kafli
Gildistaka og lagastoð.
20. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, er samin og samþykkt af aðildarsveitarfélögum SHS, með heimild í 1. mgr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum. Gjaldskráin er einnig samþykkt af stjórn SHS. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og fellur þar með úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1324/2017.

F.h. stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.,
19. október 2018,

sign.

Til bæjarstjórnar

Efni: Tillaga um álagningarhlutfall útsvars árið 2019

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að álagningarhlutfall útsvars verði 13,70% á tekjur manna á árinu 2019 samkvæmt heimild í 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, sbr. 24. gr. laganna.

Samþykkt bæjarstjórnar skal tilkynnt fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrir 15. desember 2018 samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Tillögur og greinargerð Garðabæjarlistans inn í vinnu við fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir kjörtímabilið 2018-2022
Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir

Þegar rýnt er í fjárhagsáætlun Garðabæjar sem lögð var fram til fyrstu umræðu á bæjarstjórnarfundum 1. nóvember síðastliðinn kemur fátt á óvart. Gert er ráð fyrir að halda áfram að hækka álögur á fjölskyldufólk með áherslu á hækkun þvert á allar gjaldskrár bæjarins. Í framkvæmdaráætlun ber hæst, eins og vitað var, kostnaður vegna byggingar fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri sem mun nema um 600 milljónum á hverju ári næstu fjögur árin. Þetta er þó bara byrjunin, en í áætlun kostar byggingin a.m.k. 5 milljarða. Heilt yfir má segja að áætlunin gangi út á óbreyttar áherslur að mestu.

Meirihlutinn talar fyrir ábyrgri fjármálastefnu og má vissulega sjá áhrif hennar í áætluninni sem er vel. En um leið fer lítið fyrir félagslegri ábyrgð í framkvæmdaráætluninni, t.d. er engin áhersla á að styrkja veg þeirra sem minna hafa á milli handanna og barnmargra fjölskyldna. Ekki virðist gert ráð fyrir fjármagni til þess að bæta aðbúnað fatlaðra barna og ungmenna eða barna af erlendu bergi brotnu þegar kemur að frístund, íþrótt- og tómstundastarfi.

Garðabæjarlistinn fagnar áherslu meirihlutans á íbúalýðræðið. Verja á 50 milljónum á hverju ári út kjörtímabilið í að framfylgja óskum íbúa um framkvæmdir í sínu nærumhverfi. Gert er ráð fyrir því að íbúar kjósi um verkefni og að auðvelt verði fyrir alla að taka þátt. Þetta verkefni rímar vel við áherslur Garðabæjarlistans um aukið íbúalýðræði með áherslu á að auðvelda þátttöku allra.

Garðabæjarlistinn saknar ákveðinna áherslna á aukna velferð í framkvæmdaráætluninni og leggur því fram eftirfarandi breytingartillögur. Ekki síst þegar ljóst er að sveitarfélagið stendur afar vel og getur því lagt meira af mörkum þegar kemur að velferð og þjónustu henni tengdri.

Eins og tæpt var á hér að ofan, er gert er ráð fyrir 4% hækkun á allar gjaldskrár. Þessi hækkun gerir það m.a. að verkum að há leikskólagjöld hækka enn frekar. Garðabæjarlistinn hafnar þessari hækkun þvert á allar gjaldskrár. Í ljósi ört vaxandi samfélags þar sem markvisst á að gera ráð fyrir ungu fólki og barnafjölskyldum í uppbyggingu nýrra hverfa þá skýtur skökku við að halda áfram að hækka álögur á barnafjölskyldur samhliða óbreyttri útsvarsþróun sem mætti taka til hækkunar ef á þyrfti að halda frekar en að leggja álögur beint á fjölskyldufólk. Nágrannasveitarfélögin hafa heldur hærra útsvarsþróun svo þau megi mæta samfélagslegum skyldum sínum enn frekar. **Garðabæjarlistinn leggur til að leikskólagjöld haldist óbreytt, þar sem gert er ráð fyrir varasjóði til að mæta launahækkunum sem eru framundan vegna lausra kjarasamninga. Aðrar gjaldskrár hækki um 2,9%, sem er í samræmi við nágrannasveitarfélögin sem fara öllu jafna ekki upp fyrir 2,9% hækkun eða standa í stað með sínar gjaldskrár.**

Athygli vekur að ekki er gert ráð fyrir fjármagni til frekari stuðnings við barnafjölskyldur í formi systkinaafsláttar. Hvatapeningar fyrir börn og ungmenni 5-18 ára haldast óbreyttir í 50.000 kr. á barn þrátt fyrir skýrt ákvæði í framkvæmdaráætlun fjölskylduráðs um að tryggja eigi að öll börn fái notið þess að stunda íþróttir og tómstundir við hæfi óháð efnahag.

Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu um hækkun hvatapeninga um 5000 kr. og um leið að þeir gildi fyrir börn frá 3ja ára aldri.

Enn fremur leggur Garðabæjarlistinn fram tillögu þess efnis að enn frekar verði stutt við lýðheilsu eldri borgara og að verkefnið Janus endurhæfing verði innleitt í bæjarfélaginu í beinni tengingu við sáttmálann um heilsueflandi samfélag.

Garðabæjarlistinn leggur fram frekari tillögur um bættu þjónustu við börn og ungmenni. Annars vegar börn af erlendum uppruna, þar sem m.a. tryggt verður að íþróttir og tómstundir þjóðist þessum börnum sem hluti af aðlögun í samfélagið. Hins vegar fötluð börn, þar sem íþrótt- og tómstundastarf fatlaðra barna og ungmenna frá 10 ára aldri verður tryggt innan sveitarfélagsins enda lögbundin þjónusta hvers sveitarfélags samkvæmt nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk. **Garðabæjarlistinn leggur til að farið verði af stað með þróunarverkefni til fjögurra ára sem síðan verði endurmetið. 5 milljónir verði eyrnamerkta stuðningi við fötluð börn og börn af erlendum uppruna á ári. Innan þess**

kostnaðar er annars vegar rekstur frístundaheimilis fyrir fatlaða í samvinnu við önnur frístundaheimili og niðurgreiðsla fyrir börn af erlendum uppruna til frístundaþátttöku og íþrótt- og tómstundaþátttöku.

TUFF verkefnið sem þegar hefur verið kynnt fyrir fyrri bæjarstjórn mætti skoða til hliðsjónar sem fyrirmynd af framkvæmd heildstæðrar áætlunar um jöfn tækifæri allra barna og ungmenna að íþrótt- og tómstundaiðkun.

Í Garðabæ eru skráðir 57 fatlaðir einstaklingar sem eiga rétt á að nýta sér ferðaþjónustu fatlaðra. Umfangið er þess vegna þess eðlis að auðvelt ætti að vera að halda utan um og bæta þjónustu við þennan hóp

Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu þess efnis að ferðaþjónusta fatlaðra verði endurskoðuð með öryggi en síður skilvirkni að leiðarljósi. Þjónustan verði færð nær notendum og geti mögulega orðið skjótari með minni bið og meiri sveigjanleika. Að komast frjáls ferða sinna á milli staða eru mikil lífsgæði sem okkur ber að tryggja öllum. Garðabæjarlistinn leggur til að hugsað verði til lengri tíma um vaxandi þátt fólksbílþjónustu þar sem tækifæri gefst til þess að komast á milli staða án fyrirvara. Fatlað fólk hefur mjög ólíkar þarfir. Einhverjir búa við þau lífsgæði að geta tekið ákvarðanir án mikils fyrirvara á meðan aðrir fatlaðir einstaklingar búa ekki yfir þeim lífsgæðum og því þarf að byggja upp ferðaþjónustu fatlaðra með hliðsjón af ólíkum þörfum notenda.

Garðabæjarlistinn fagnar áformum um uppbyggingu á Lyngássvæðinu þar sem húsnæði fyrir ungt fólk verður í forgrunni með áherslu á hagkvæmar lausnir þegar kemur að híbýlum. Einnig fagnar Garðabæjarlistinn þeirri vinnu sem nú er í gangi er varðar heildstæða húsnæðisstefnu fyrir bæjarfélagið, sem er í takti við fyrri tillögu Garðabæjarlistans þess efnis. Þar vill Garðabæjarlistinn leggja sínar áherslur á vogaskálarnar og leggur fram tillögu inn í vinnu húsnæðisstefnu Garðabæjar þess efnis að hlutfall félagslegra íbúða í bæjarfélaginu verði markvisst fært til betri vegar. Einstaklingar sem þurfa á félagslegu húsnæði að halda eiga að hafa alvöru val um að geta búið í Garðabæ. Garðabæjarlistinn leggur áherslu á að allir geti valið að búa í Garðabæ óháð efnahag. Aldrei megi stilla fram stefnu sem markvisst fæli einn hóp fólks frá búsetu frekar en annan. Markmið tillögunnar er ekki síst að ýta undir virkari leigumarkað í sveitarfélaginu, byggingu minni og ódýrari íbúða og tryggja skilvirk félagsleg úrræði fyrir þá sem þurfa að sækja slíka þjónustu til sveitarfélagsins. ***Því leggur Garðabæjarlistinn fram tillögu þess efnis að Garðabær setji fram áætlun um kaup á félagslegu húsnæði við alla uppbyggingaraðila. Garðabær hafi forgang um kaup á 4,5% af öllum íbúðum. Samstarfi við Brynju hússjóð og Bjarg sömuleiðis verði tryggt. Samhliða þessu leggur Garðabæjarlistinn fram að sett verði inn í stefnuna að eignahlutfall bæjarfélagsins í hverju fjölbýlishúsi sé ekki meira en 10-15% þannig skapast fjölbreytilegt samfélag og jafnvægi.***

Loks ber að nefna sérstakt áhyggjuefni í leikskólamállum, en það er staða faghlutfalls í leikskólum bæjarins. Garðabæjarlistinn mun leggja áherslu á að þeim aðgerðum sem þegar hafa verið settar af stað verði fylgt vel eftir. Lægsta faghlutfall á leikskóla í Garðabæ fer niður í 15% og hæsta faghlutfallið nær einungis 55% á leikskóla. Í lögum er gert ráð fyrir að lágmarki 75% faghlutfalli í hverjum leikskóla. Þar er Garðabær langt undir og mikilvægt að grípa til aðgerða. Vinnumhverfi leikskóla þarf að vera hvetjandi og eftirsóknarvert. Tillaga Garðabæjarlistans um styttingu vinnuvikunnar sem meirihlutinn felldi á haustmánuðum var viðleitni til þess að skapa slíkt umhverfi. Við hvetjum kjörna fulltrúa meirihlutans til þess að endurskoða afstöðu sína með faghlutfall á leikskólum í huga.

Það er einlæg von okkar sem stöndum að Garðabæjarlistanum að samtal okkar við meirihlutann um þessar áherslur leiði til góðs í þágu alls samfélagsins. Það þarf vissulega að tryggja stöðugan rekstur og leggja upp með ábyrga fjármálastefnu en um leið þarf að gæta jafnvægis og treysta innviðina með því að fjárfesta í velferð fyrir alla. Velferð íbúa hvar sem

Þeir standa óháð lífsgæðum má aldrei stefna í hættu því þar liggur jú skylda hvers sveitarfélags að tryggja öryggi og festu fyrir íbúa ekki síður en öryggi og festu í rekstri.